

# Ársskýrsla fyrir barna- og unglíngastarf Grafarvogskirkju

## 2016

### Barna- og unglíngastarf vorönn 2016

Barna- og unglíngastarf sem í boði var á vorönn var: 6-9 ára starf í kirkjunni (fimmtudaga kl. 15:30-16:30), 6-9 ára starf í Kirkjuselinu (fimmtudaga kl. 17:00-18:00), 10-12 ára starf í kirkjunni (mánudaga kl. 18:00-19:00), æskulýðsfélag í kirkjunni fyrir 8-10.bekk (mánudaga 20:00-21:30), sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11:00 í Grafarvogskirkju og kl. 13:00 í Kirkjuselinu.

Mætingin var ekki nægilega góð í 6-9 ára starfið í kirkjunni og var það því felld niður þegar leið á vorið. Mætingin var góð í hina hópana.

### Barna- og unglíngastarf haustönn 2016

Barna- og unglíngastarf sem í boði var á vorönn var: 6-9 ára starf í Kirkjuselinu (fimmtudaga kl. 17:00-18:00), 10-12 ára starf í kirkjunni (mánudaga kl. 18:00-19:00), æskulýðsfélag í kirkjunni fyrir 8-10.bekk (mánudaga 20:00-21:30), sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11:00 í Grafarvogskirkju og kl. 13:00 í Kirkjuselinu.

### Ævintýranámskeið sumarið 2016

Sumarið 2016 voru haldin 3 ævintýranámskeið. Það var þó ekki alveg fullt á öll námskeiðin að þessu sinni. Stjórnendur á námskeiðinu voru Benjamín Pálsson og Rósa Ingibjörg Tómasdóttir. Aðstoðarleiðtogar voru: Kristinn Snær Sigurðsson og Kristján Gabríel Þórhallsson.

### Hvernig var dagskráin?

Margt var í boði fyrir hvern aldurshóp fyrir sig. Svo eitthvað sé nefnt var diskó-fundur, náttfatapartý, brjóstsykursgerð, hæfileikasýning, capture the flag, rugldagur, fáránleikar, orrusta og grímuball í boði fyrir yngri börnin. Fyrir eldri krakkana og unglíngana var pizzurateleikur, survivor, kökukeppni, skottaleikur, capture the flag, orrusta, mission impossible, ratleikur í myrkri og spilakvöld svo eitthvað sé nefnt.

### Hvert var farið?

Farið var í 2 ferðir yfir veturinn. Í febrúar 2016 fóru krakkarnir úr æskulýðsfélaginu á febrúarmót ÆSKR í Vatnaskógi. Í lok maí fóru öll 6-12 ára börn úr barnastarfinu í vorferð á vegum Grafarvogskirkju upp í Vatnaskóg. Ekki var farið á landsmót ÆSKP í október að þetta árið vegna lélegrar skráningar. Í staðinn var haldin gistinótt í kirkjunni sem var vel sótt og skemmtileg.

### Leiðtogar 2016

Nokkrir æskulýðsfulltrúar voru starfandi þetta árið. Þóra Björg Sigurðardóttir var allan janúar og fram til 23. febrúar en þá eignaðist hún dóttur og fór í barneignarleyfi. Benjamín Pálsson tók við af henni í febrúar og var fram yfir leikjanámskeiðin.

Leiðtogar í 6-9 ára starfi: Þóra Björg Sigurðardóttir (janúar og febrúar 2016), Benjamín Pálsson (vor 2016), Kristinn Snær Sigurðsson (vor 2016) og Matthías Guðmundsson (haust 2016) og Benjamín Gísli Einarsson (haust 2016).

Leiðtogar í 10-12 ára starfi (TTT): Þóra Björg Sigurðardóttir (janúar og febrúar 2016), Benjamín Pálsson (vor 2016), Matthías Guðmundsson (haust 2016) og Hans Patrekur Hansson (haust 2016).

Leiðtogar í æskulýðsfélaginu: Þóra Björg Sigurðardóttir (janúar og febrúar 2016), Benjamín Pálsson (vor 2016), Rósa Ingibjörg Tómasdóttir (vor 2016), Sigurður Vignir Jóhannsson (vor 2016), Matthías Guðmundsson (haust 2016), Hans Patrekur Hansson (haust 2016), Gunnhildur Einarsdóttir (haust 2016) og Ingibjörg Lórey Zimzen Friðriksdóttir (haust 2016).  
Umsjón með sunnudagaskóla í Grafarvogskirkju: Þóra Björg Sigurðardóttir (janúar og febrúar 2016 og svo haust 2016), Benjamín Pálsson (vor 2016).  
Umsjón með sunnudagaskóla í kirkjuseli í Borgum: Rósa Ingibjörg Tómasdóttir (vor 2016) og Matthías Guðmundsson (haust 2016).

### **Hvað er framundan?**

Þann 18.maí er börnum í 6-9 ára starfinu í Kirkjuselinu boðið að koma með í vorferðalag upp í Vatnaskóg. Í sumar verða aftur ævintýranámskeið í Grafarvogskirkju og er nánast uppselt á öll námskeiðin nú þegar.

Þóra Björg Sigurðardóttir  
Æskulýðsfulltrúi Grafarvogskirkju